

Miðvikudaginn 1. júlí 1953.

Kærumálið nr. 10/1953.

**Ákærvaldið**

gegn

**Helga Benediktssyni.**

**Dóminn skipaðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.**

Kveðið á um framkvæmd rannsóknar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Ákærði, Helgi Benediktsson, hefur með kæru 24. júní 1953 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar samkvæmt 9. tl. 172. gr. laga nr. 27/1951.

Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 23. janúar 1953, var kveðið á, að skipaðir skyldu sérfróðir menn til að framkvæma yfirskoðun á gerðum verðgæzlumanna þeirra, sem rannsókuðu verðlag hjá ákærða, Helga Benediktssyni. Héraðsdómara bar að skipa yfirskoðunarmennina, gangast fyrir, að þeir gætu rækt starfa sinn og fengju þau gögn í hendur, sem þeim voru nauðsynleg til framkvæmdar honum. Héraðsdómari átti því að sjá um, að frumgögn þau, sem eru í vörzlu ákærða, Helga Benediktssonar, yrðu fram lögð í dómi og staðfest eftirrit tekin af þeim, eftir því sem efni voru til. Héraðsdómari hefur að vísu skipað yfirskoðunarmenn, en þeir telja sig ekki hafa getað framkvæmt yfirskoðunina til hlítar, vegna þess að þeir hafi ekki haft nægan aðgang að sakargögnum, sem séu í vörzlum ákærða Helga. Ber héraðsdómara því að afla nauðsynlegra sakargagna með úrskurði og aðstoð lögreglu, ef því er að skipta, og leggja þau fram í dómi í frumriti eða staðfestu eftirriti, veita yfirskoðunarmönnum færi á því að kanna þau og sjá um, að þeir vinni verk sitt til hlítar, áður en dómur gengur. Þegar yfirskoðun hefur fram farið, skal héraðsdómari veita ákærða tækifæri til að kynna sér yfirskoðunina og láta yfirskoðunarmenn staðfesta hana.

Málskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

## Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur og ber héraðsdómara að hlutast til um framangreinda rannsókn og yfirskoðun.

**Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 23. júní 1953.**

Ár 1953, þriðjudaginn 23. júní, klukkan 13.30, var í sakadómi Reykjavíkur, sem háður var í húsinu nr. 10 við Hafnarstræti í Reykjavík, kveðinn upp úrskurður í sakadómsmálinu: Ákærvaldið gegn Helga Benediktssyni, sem tekið var til úrskurðar 16. þ. m. — Úrskurðurinn er kveðinn upp af formanni sakadómsins, Gunnari A. Pálssyni, dómara samkvæmt umboðsskrám.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Helga Benediktssyni, kaupmanni í Vestmannaeyjum, samkvæmt ákæruskjali útgefnu af Dómsmálaráðuneytinu 16. apríl 1952. Ákæratriðin eru 26 að tölu og í inu 20. þeirra er ákærði sakaður um, „að hafa á tímabilinu frá 1. janúar 1947 til 1. júlí 1950 selt of háu verði varning þann, er greindur er á dómsskjali nr. 300, skýrslu starfsmanna verðgæzlustjóra, sbr. bréf hans 14. júlí og 17. ágúst 1951, dómskjöl nr. 299 og 303“. — Er þess m. a. krafizt af hálfu ákærvaldsins, að ákærða verði refsað fyrir þetta og að ólögmaður hagnaður hans verði gerður upptækur.

Að öðru leyti þykir ekki ástæða til að rekja efni og gang máls þessa í þessum úrskurði, enda hvorttveggja ítarlega rakið í sérstökum úrskurði þessa dóms, uppkveðnum 17. nóvember 1952, samkvæmt ákvæðum 124. gr. laga nr. 27 5. marz 1951 um meðferð opinberra mála, er sérstaklega var kærður og Hæstiréttur kvað upp dóm um 23. janúar 1953. Vísast til þessara dómsúrlausna um fyllri skýringu málavaxta, en þær eru prentaðar í dómasafni Hæstaréttar XXIV. bindi, bls. 43—63.

Meðal atriða þeirra, er fyrrgreindur úrskurður þessa dóms 17. nóvember 1952 tók til úrlausnar samkvæmt kröfu verjanda ákærða, var, hvort ómerkja skyldi verðlagsbrotarannsókn þá, er farið hafði fram, eða sakadómurinn ákveða nýja og fyllri verðlagsbrotarannsókn. Taldi sakadómurinn ekki ástæðu til fyllri rannsóknar á verðlagi hjá ákærða en þegar hafði fram farið og synjaði því kröfu ákærða af þessu efni.

Vegna ummæla nokkurra, sem annar verðgæzlumannanna, er framkvæmdir verðlagsbrotarannsóknina hjá ákærða, viðhafði um ákærða, áður en þeir verðgæzlumennirnir gengu endanlega frá skýrslu sinni, þótti Hæstarétti varhugavert að leggja skýrslu þeirra á dskj. nr. 300 til grundvallar dómi í málinu. Ákvað hann því að skipa skyldi sérfróða menn til að framkvæma yfirskoðun á gerðum verðgæzlumannanna, áður en dómur gengi og jafnframt að veita skyldi verjanda ákærða kost þess að gæta réttar ákærða við þá yfirskoðun.

Við þessum fyriræmum varð sakadómurinn, enda þótt mjög erfitt reyndist að útvega sérfróða menn til starfans, þar eð ekki þótti rétt

að fela hann neinum samstarfsmönnum verðgæzlumannanna, enda þeir flestir verið að einhverju leyti við verðlagsbrotaskýrsluna á dskj. nr. 300 riðnir, sbr. það, er síðar greinir. Loks tókst þó formanni sakadómsins að afla hlutgengra manna til að framkvæma yfirskoðunina og 7. febrúar 1953 dómkvaddi hann í samráði við meðdómendur sína þá Hermann Jónsson, skrifstofustjóra verðlagsskrifstofu Fjárhagsráðs, og Sigurð Schram, fulltrúa í sömu stofnun, til þess verks. Lagði hann jafnframt fyrir yfirskoðunarmennina að veita verjanda ákærða kost á að gæta réttar ákærða við yfirskoðunina. Þá veitti hann og yfirskoðunarmönnum aðgang að öllum gögnum málsins, er þeir teldu sig þurfa að nota í starfa sínum, og ákvað ennfremur, að þeir skyldu eiga aðgang að þeim gögnum í vörzlum ákærða, er þeir teldu nauðsynlegt að athuga. Loks var tekið fram í dómkvaðningunni, að yfirskoðunarmennirnir skyldu ljúka verði sínu svo fljótt, sem framast reyndist unnt og eigi síðar en 7. marz 1953.

Ekki tókst yfirskoðunarmönnum að ljúka verki sínu á inum tiltekna tíma og enda þótt formaður sakadómsins hvetti þá skriflega og mjög oft munnlega til að ljúka verkinu sem allra fyrst, drógst það mjög á langinn og loks hættu yfirskoðunarmennirnir við yfirskoðunina 6. þ. m. Telja þeir hátterni og hegðun ákærða gagnvart sér hafa verið á þann veg, að verkið hafi aðallega af þeirri ástæðu dregizt mjög á langinn og loks reynt óframkvæmanlegt að ljúka því. Hafa yfirskoðunarmennirnir ritað ítarlega skýrslu um störf sín og atferli ákærða og hefur hún verið lögð fram í málinu. Þykir rétt að rekja aðalefni hennar stuttlega hér.

Samkvæmt skýrslunni unnu yfirskoðunarmennirnir fyrst að yfirskoðuninni hér í Reykjavík, eins og hægt var. Síðan fóru þeir til Vestmannaeyja 5. marz 1953 og hugðust vinna þann hluta verksins, er þeir þurftu að vinna þar og nota bókhaldsgögn ákærða við. Varð mjög stutt í dvöl yfirskoðunarmannanna í Eyjum þetta skipti og reyndist þeim ókleift að vinna verk sitt við þá aðstöðu, er ákærði vildi veita þeim, enda skarst svo mjög í odda, að ákærði hótaði yfirskoðunarmönnum að láta taka af þeim með fógetavaldi gögn, er hann þó hafði lánað þeim um stund. Var ljóst, að ákærði vildi torvela rannsóknina og draga á langinn með öllu hugsanlegu móti. Jafnframt viðhafði hann ýmis nánar tilgreind storkunaryrði, brigzl, slúðursögur og áburð um glæpi um og við yfirskoðunarmennina. Þegar yfirskoðunarmönnum þótti sýnt, að ókleift væri að framkvæma yfirskoðunina, fóru þeir heim við svo búið, en að nokkru leyti höfðu þeir þó getað borið dskj. nr. 300 saman við bókhaldsgögn ákærða og þá aðallega, að því er tók til ársins 1948.

Hvorki þótti formanni sakadómsins rétt að yfirskoðunarmennirnir gæfust að svo stöddu upp við starfa sinn né heldur vildu þeir gera það, fyrr en allar leiðir væru fullreyndar til að ljúka verkinu, svo sem til var ætlað. Hófu þeir nú viðræður við verjanda ákærða og fóru fram á, að hann fengi bókhaldsgögnin hingað til Reykjavíkur eða færi með þeim til Eyja og sæi um, að þeir fengju viðunandi starfskilyrði. Hvorugu

kom þó verjandi í kring, en taldi að lokum, að ákærði myndi lána yfirskoðunarmönnunum nauðsynleg gögn, er þeir kæmu aftur til Eyja. Fóru ýmis bréf milli yfirskoðunarmannanna og verjanda af þessu efni og fylgja þau skýrslu yfirskoðunarmannanna. Í einu þessara bréfa skýrði verjandi frá því, að ákærði færi ekki frekar að hans ráðum eða bendingum, en honum gott þætti. — Tók þetta allt alllangan tíma.

Inn 5. þ. m. fóru yfirskoðunarmennirnir loks aftur til Eyja og höfðu nú með sér Björn Jakobsson, er var annar þeirra verðgæzlumanna, er framkvæmdu verðlagsbrotarannsóknina hjá ákærða og gerðu skýrsluna á dskj. nr. 300. Töldu yfirskoðunarmennirnir bæði heppilegt og rétt að hafa Björn með sér, bæði til flýtisauka og til að geta spurt hann á staðnum um þau atriði, er kynnu að finnast þess eðlis, að rétt væri að láta hann tjá sig um þau. Fór þessi för svo mjög á sama hátt og in fyrri, að ekki er ástæða til að lýsa henni sérstaklega. Yfirskoðunarmennirnir fengu hvorki nauðsynleg starfskilyrði né starfsfrið, lágu undir sama orðbragði af hálfu ákærða og fyrr, en auk þess lýsti ákærði nú yfir, að hann teldi störf þeirra vera einn lið í ofsóknarkeðju á hendur sér. Segja yfirskoðunarmennirnir berum orðum í skýrslu sinni, að þeim hafi verið gert ókleift að vinna þann hluta af störfum sínum, sem óhjákvæmilegt hafi verið að vinna í Eyjum, á þann hátt, er til hafi verið ætlazt, og að þeir sjái sér það ekki fært að óbreyttum kringumstæðum. — Loks kemur fram í skýrslunni, að ákærði hafi verið tilleiðanlegur til að leyfa yfirskoðunarmönnunum að starfa í skrifstofu sinni á venjulegum skrifstofutíma, en þar höfðu þeir ekki starfsfrið fyrir áreitni hans, sem lýst hefur verið, og töldu sig alls ekki geta starfað þar að honum viðstöddum, auk þess sem þeir fengu ekki að koma þangað með Björn Jakobsson, er þeir af áðurgreindum ástæðum töldu rétt að hafa með sér. Hefur skýrsla yfirskoðunarmannanna þá verið rakin, eins og hér þykir þurfa, en síðar í úrskurðinum verður hún rædd að því leyti, sem hún snýst um yfirskoðunarefnið.

Inn 12. þ. m. voru yfirskoðunarmennirnir látnir staðfesta skýrslu sína fyrir dómi að verjanda viðstöddum. Að því loknu gerði verjandi þær kröfur, er getur hér rétt á eftir, og fékk jafnframt frest til greinargerðar um þær til 16. þ. m. Þann dag voru af hálfu verjanda lögð fram nokkur skjöl, þ. á m. greinargerð um greindar kröfur hans og aðrar nýjar kröfur, er hann gerði í greinargerðinni. Að því loknu var málið samstundis tekið til úrskurðar um inar framkomnu kröfur verjanda, en þær voru þessar:

- 1) að lagt verði fyrir yfirskoðunarmennina að halda áfram starfa sínum og ljúka honum,
- 2) að verði fyrsta kröfulið ekki sinnt, þá verði aðrir menn skipaðir til að framkvæma yfirskoðunina,
- 3) að teknað verði skýrslur af starfsfólki ákærða og honum sjálfum um sannleiksgildi fyrrgreindrar skýrslu yfirskoðunarmannanna og
- 4) að verjanda verði ákvörðuð hæfileg málsvarnarlaun, að því er varðar þenna þátt málsins.

Áður en þessum kröfum verjanda verða gerð skil, þykir rétt að rekja í stórum dráttum verðlagsbrotarannsókn þá, er þegar hefur farið fram hjá ákærða.

Er þá fyrst að geta þess, að fyrrverandi trúnaðarmaður verðlagsstjóra og síðar verðgæzlustjóra í Vestmannaeyjum, Óskar Sigurðsson, löggiltur endurskoðandi, hefur gefið rækilegar skriflegar skýrslur um afskipti sín af verðlagsmálum ákærða það tímabil, er máli skiptir, og hefur hann staðfest þær fyrir dómi. Svo hefur hann og verið spurður nákvæmlega fyrir dómi um öll þau atriði, er hann var talinn geta veitt nokkra vitneskju um.

Þá hafa margir kaupendur ýmissa þeirra vara, er verðlagsbrotakæran fjallar um, verið leiddir fyrir dóm sem vitni um ýmis atriði kærunnar.

Fjórir verzlunar- eða útibússtjórar ákærða hafa verið leiddir fyrir dóm sem vitni og þeir hver um sig verið spurðir rækilega um verð þeirra vörutegunda, er seldar voru í útibúum þeirra vissan hluta þess tímabils, er verðlagsbrotakæran tekur til.

Þeir iðnaðarmenn, er veitt gátu vitneskju um þau atriði, er máli skipti um útsöluverð stóla þeirra, er í verðlagsbrotakærinni greinir, hafa verið krafðir vættis um þau efni svo og seljandi nokkurs hluta umræddra stóla.

Hefur dómurinn þannig fyrir sitt leyti gert allt, er í hans valdi stóð, til að afla sem áreiðanlegastrar og gleggstrar vitneskju um ætluð verðlagsbrot ákærða og er verðlagsbrotakæran á dskj. nr. 300 í samræmi við þá vitneskju, er þannig hefur tekizt að afla, enda öðrum þræði á henni byggð.

Verðgæzlumennirnir Björn Jakobsson og Þorvaldur Ari Arason höfðu góða aðstöðu til að vinna verk sitt, þar eð þeir höfðu óhindraðan aðgang að öllum bókhaldsgögnum ákærða, er máli skiptu. Þá höfðu þeir og mjög góða aðstöðu, er þeir gengu endanlega frá skýrslu sinni, þar eð þeir gerðu það í skrifstofu verðgæzlustjóra hér í bænum og höfðu þannig aðgang að öllum nauðsynlegum hjálpargögnum og hvers konar leiðbeiningum, er þeir töldu sig þurfa á að halda. Skýrslu sína hafa þeir Þorvaldur og Björn staðfest fyrir dómi og þá jafnframt gert við hana nokkrar athugasemdir og veitt ýmsa mikilvæga vitneskju til skýringa á henni samkvæmt spurningum dómenda.

Formaður sakadómsins hlutaðist á sínum tíma til um, að verðgæzlustjóraembættið annaðist yfirskoðun verðlagsbrotakærunnar á dskj. 300.

Lét verðgæzlustjóri bæði endurskoða og endurreikna alla kæruna og fylgiskjöl hennar og hafði fulltrúi hans, Jón P. Emils lögfræðingur, umsjón með því verki. Leiddi þessi yfirskoðun til nokkurra athugasemda og leiðréttinga við kæruna og liggja þær fyrir í máli þessu. Þessar leiðréttingar viðurkenndu verðgæzlumennirnir, Björn og Þorvaldur, að væru réttmætar. Báðir hafa þeir verðgæzlustjóri og Jón P. Emils verið leiddir vitni í máli þessu og tjáð sig samþykka dskj. nr. 300 með þeim athugasemdum, er þegar liggja fyrir í málinu. Töldu báðir dskj. nr. 300 unnið eftir réttum reglum og í samræmi við starfsaðferðir verðgæzlunnar.

Athuganir verðgæzlumanna í Vestmannaeyjum, t. d. um útsöluverð og selt magn einstakra vara, voru lagðar til grundvallar við greinda yfirskoðun verðgæzlunnar, enda sá háttur ætíð viðhafður, þar eð annað er talið bæði ástæðulaust og óframkvæmanlegt.

Vegna þess að yfirskoðun verðgæzlunnar hafði ekki tekið til útsöluverðs ákærða á vörum greindum í verðlagsbrotakærunni á dskj. 300, töldu dómendur í máli þessu rétt að kanna vinnubrögð verðgæzlumanna að því leyti. Gerðu þeir því dreifikönnun á töldu útsöluverði verðlagsbrotakærunnar og studdust þá við bókhaldsgögn ákærða. Komust dómendur að þeirri niðurstöðu við dreifikönnun þessa, að útsöluverð þeirra vara, er þeir athuguðu, væri rétt tilgreint í verðlagsbrotakærunni. Var dreifikönnun þessi framkvæmd í þeim tilgangi að ganga úr skugga um, hvort verðlagsbrotakæran væri rétt og samvizkusamlega gerð og töldu dómendur könnunina sýna, að svo væri. Könnun þessi var gerð í júnimánuði 1952 og er hennar getið í þinghaldi 16. dag þess mánaðar.

Í fyrrgreindri skýrslu yfirskoðunarmanna Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram segir, að þeir hafi ekkert fundið athugavert við verðlagsbrotakæruna, að því leyti sem þeir hafi getað athugað hana hér í Reykjavík umfram þær leiðréttingar, sem á henni hafa verið gerðar við fyrrgreinda yfirskoðun verðgæzlustjóraembættisins. Útsöluverð það, er í verðlagsbrotakærunni greinir, gátu yfirskoðunarmennirnir ekki athugað, nema að mjög litlu leyti af ástæðum þeim, er þegar hafa verið raktar, en láta þess þó getið í skýrslu sinni, að þeim virðist kæran vera unnin á eðlilegan hátt og að þeir hafi ekki í rannsókn sinni orðið neins varir, er benti til þess, að hún hafi verið unnin frá hlutdrægu sjónarmiði. Við staðfestingu skýrslu sinnar fyrir dómi endurtóku yfirskoðunarmennirnir, að þeir hafi einskis orðið varir, er benti til hlutdrægnislegra vinnubragða verðgæzlumanna, né heldur neins, er gerði skýrslu þeirra tortrygglega.

Að því er ákærða sjálfan varðar, þá hefur hann sagt það eitt um verðlagsbrotakæruna, að hún sé samanspunnin lygi og rangfærzlur. Um einstaka liði skýrslunnar hefur hann alls ekki fengizt til að tjá sig.

Með því sem nú hefur verið rakið, þykir í ljós leitt, að ekki sé ástæða til að ætla skýrslu verðgæzlumanna Björns Jakobssonar og Þorvaldar Ara Arasonar hlutdræga né heldur mótaða af neinum óvildarhug í garð ákærða. Þykir allt, sem fram hefur komið um skýrsluna, einmitt benda til ins gagnstæða eða þess, að hún sé vel og samvizkusamlega unnin og af fyllsta hlutleysi.

Þar eð það þykir í ljós leitt um skýrslu verðgæzlumanna, er nú var greint, og þar eð engin ástæða er til að efast um sannleiksgildi innar staðfestu skýrslu yfirskoðunarmanna Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram um, að ákærði hafi gert þeim ókleift að framkvæma yfirskoðunina fremur en lýst hefur verið og jafnvel talið yfirskoðunina ofsókn á hendur sér, þá þykir ekki ástæða til að knýja fram frekari yfirskoðun en orðið er, áður en efnisdómur gengur í málinu, enda fyrir-

sjáanlegt af því, sem lýst hefur verið og fyrri reynslu sakadómsins af ákærða, að slíkt yrði ekki gert nema með valdbeitingu, sem ástæðulaust er að grípa til af þessu efni, þegar allt það er haft í huga, sem sagt hefur verið um verðlagsrannsóknina hjá ákærða og afstöðu hans sjálfs til verðlagsbrotakærunnar. Verður og að telja, að þegar sé leitt í ljós, með því sem rakið hefur verið, það, sem Hæstiréttur taldi rétt að fyrir lægi um verðlagsbrotakærana, áður en efnisdómur gengi í málinu, þ. e. að hún sé eðlilega unnin og án hlutdrægni, sprottinnar af hugsanlegum óvildarhug annars verðgæzlumannsins í garð ákærða.

Af því sem nú hefur verið rakið, leiðir, að hvorki verður sinnt kröfu verjanda ákærða undir 1) né 2).

Þá þykir og með öllu ástæðulaust að verða við kröfu hans undir 3), enda eru engir þeir annmarkar á inni staðfestu skýrslu yfirskoðunarmannanna, að hana beri ekki að taka trúanlega án frekari rannsóknar.

Málskostnaðarkröfu verjanda undir 4) verður ekki sinnt á þessu stigi málsins, enda ekki úr því skorið fyrr en í væntanlegum efnisdómi, á hvern málskostnaður verður lagður.

Samkvæmt framansögðu verður látið sitja við þá yfirskoðun verðlagsbrotakærunnar, sem þegar hefur farið fram, starfsfólk ákærða og hann sjálfur ekki leitt fyrir dóm til spurninga um sannleiksgildi skýrslu yfirskoðunarmannanna Hermanns Jónssonar og Sigurðar Schram og verjanda ekki úrskurðuð málflutningslaun að sinni.

Formaður sakadómsins getur þess, að enda þótt hann kveði einn upp úrskurð þenna, þá hafi hann haft samráð við meðdómendur sína um samningu hans og þeir verið úrskurðinum samþykkir að öllu leyti.

#### Ályktarorð:

Ekki skal fram fara frekari yfirskoðun á verðlagsbrotaákær-  
unni á hendur ákærða, Helga Benediktssyni, en þegar hefur verið  
gerð.

Hvorki skal leiða ákærða sjálfan né starfsfólk hans fyrir dóm  
til spurninga um sannleiksgildi yfirskoðunarskýrslu Hermanns Jóns-  
sonar og Sigurðar Schram.

Verjanda ákærða, hrl. Sigurði Ólasyni, verða ekki úrskurðuð mál-  
flutningslaun að sinni.

---